

Haldið er dómþing aga- og úrskurðarnefndar Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) 3. febrúar 2020

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2019 - 2020

Körfuknattleiksdeild Keflavíkur

gegn

Körfuknattleiksdeild KR

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I.

Mál þetta var mótttekið af hálfu aga- og úrskurðarnefndar þann 5. janúar 2020. Kærandi er Körfuknattleiksdeild Keflavíkur, Sunnubraut 34, 230 Reykjanesbæ.

Kærður er leikur milli KR og Keflavíkur í bikarkeppni unglingsflokki drengja sem spilaður var þann 4. janúar 2020.

Kærði er körfuknattleiksdeild KR, Frostaskjólí 2, 107 Reykjavík.

II.

Dómkröfur og málsmeðferð

Kærandi krefst þess að Keflavík verði dæmdur sigur í umræddum leik vegna meintra ólöglegra leikmanna sem spiluðu umræddan leik með KR.

Hinn kærði skilaði greinargerð í málinu og krafðist þess að málinu yrði vísað frá.

Óskað var athugasemda frá skrifstofu KKÍ sem bárust í formi greinargerðar og fylgigagna.

Við málsmeðferð málsins barst erindi frá Einar Hannessyni, fyrirsvarsmanni Keflavíkur, til skrifstofu KKÍ, dags. 16. janúar 2020, þar sem óskað var eftir upplýsingum stöðu mála. Aftur barst erindi frá sama einstaklingi, dags. 29. janúar 2020 en í því kom fram eftirfarandi: „*Sent til forsvarsmanna KKÍ. Nú varpa ég aftur fram sömu spurningu. Liggur einhver niðurstaða fyrir um þetta mál? Hyggst aga- og úrskurðarnefnd KKÍ svara þessu erindi eða hreinlega hunsa*“

Þessa kæru? Þögnin í þessu máli er orðin ærandi þó vægt sé til orða tekið. Skriflegt svar óskast um framgang þessa máls fyrir 31. janúar næstkomandi.“ Erindi þessu var beint til skrifstofu KKÍ sem svaraði erindinu fyrir sitt leyti og hefur það svar ekki þýðingu fyrir málsmeðferð þessa. Að öðru leyti var erindinu ekki beint til aga- og úrskurðarnefndar.

III.

Málsástæður kæranda

Í kæru segir að í umræddum leik hafi sjö drengir leikið með liði KR sem allir eru skv. vefsíðu KKÍ skráðir með félagaskipti frá KR yfir í KV. Um var að ræða: Þórir Lárusson, félagaskipti þann 04.10.2019, Alfonso Birgir Söruson Gomez, félagaskipti þann 04.10.2019, Alexander Óðinn Knudsen, félagaskipti þann 04.10.2019, Veigar Már Helgason, félagaskipti þann 04.10.2019, Tómas Helgi Baldursson, félagaskipti þann 04.10.2019, Ólafur Þorri Sigurjónsson, félagaskipti þann 07.10.2019 og Óli Gunnar Gestsson, félagaskipti þann 07.10.2019.

Taldi því kærandi að umræddir leikmenn væru leikmenn KV en ekki KR.

Framvísað var í málinu mynd af hluta af leikskýrslu umrædds leik þar sem fram kom að fyrrgreindir leikmenn voru skráðir á leikskýrsluna.

Kærandi vísaði í hlutgengi leikmanna í þátttöku á mótum á vegum KKÍ sem fram kemur í reglugerð sambandsins um félagaskipti.

IV.

Málsástæður kærða

Kærði tók fram að sumarið 2019, þegar að KR tók yfir KV, hafi verið ákveðið að skrá sameiginlegt lið til leiks í unglingsaflokki og drengjaflokki í öllum keppnum á vegum KKÍ. Mótanefnd samþykkti þessa skráningu skv. kærða. Kærði telur hins vegar að það hafi verið verið mannleg mistök mótastjóra KKÍ að skrifa ekki KR/KV í bikarkeppninni. Því væri liðið ekki ólöglegt frekar en á Íslandsmótinu. Að mati kærða gæti KKÍ því lagt fyrir gögn sem sýna rétta stöðu og því óþarfi að kæran fari fyrir aga- og úrskurðarnefndar KKÍ.

V.

Greinargerð KKÍ

Í greinargerð KKÍ kom fram að þann 15. ágúst 2019 hafi KR og KV sent inn staðfestingu á sameiginlegu liði í unglingsaflokki. Einhverra hluta vegna hins vegar hefði skráningin ekki verið

uppfærð í mótakerfinu. Það hefði verið verið skilningur skrifstofu KKÍ, samkvæmt tilkynningu KR og KV um sameiginlegt lið í unglíngaflokki sem barst fyrir tímabilið, að félögin tefldu fram sameiginlegu liði bæði í Íslandsmóti og bikarkeppni unglíngaflokks karla. Meðfylgjandi greinargerð KKÍ voru tölvupóstssamskipti milli kærða og skrifstofu KKÍ frá 15. ágúst, sem staðfestu þennan skilning, ásamt yfirlýsingu um samkomulag um sameiginlegt lið. Einnig var meðfylgjandi greinargerð KKÍ skjáskot af stöðu í deildarkeppni unglíngaflokks, þar sem KR/KV kom skýrmerkilega fram.

VI.

Niðurstaða

Í reglugerð um sameiginleg lið segir í ákvæði 1. gr. að tveimur eða fleiri félögum er heimilt að senda sameiginlegt lið til keppni í landsmótum. Félag getur ekki tekið þátt í landsmótum með eigið lið á sama tíma og það á aðild að liði með öðru félagi í sama aldursflokki. Í ákvæði 2. gr. sömu reglugerðar segir að félög sem ákveða að senda sameiginlegt lið til keppni skv. þessari grein, skulu gera um það skriflegt samkomulag og senda umsókn til mótanefndar KKÍ. Til þess að sameiginlega liðið geti öðlast keppnisrétt á komandi keppnistímabili þarf mótanefnd KKÍ að samþykkja hana. Í ákvæði 5. gr. reglugerðarinnar segir síðan að sameiginlega liðið sé ekki nýtt félag heldur samkomulag viðkomandi félagsliða um nýtt keppnislið í fyrirfram ákveðnum aldursflokki. Leikmennirnir eru skráðir í sín félög og geta keppt í öðrum aldursflokki síns félags.

Með vísan í málsástæður kærða, greinargerð KKÍ og fylgigögn er ljóst að KR og KV sendu inn sameiginlega yfirlýsingu um að félögin tefldu fram sameiginlegu liði bæði í Íslandsmóti og bikarkeppni unglíngaflokks karla. Af hálfu KKÍ var þessi yfirlýsing móttækin og liðið skráð þannig í Íslandsmót. Af einhverjum ástæðum og/eða mannlegum mistökum misfórst skráningin í mótakerfinu varðandi bikarkeppnina. Þótt þessi galli hafi verið á ásynnd liðsins í mótakerfinu varðandi bikarkeppnina, hefur verið sýnt fram á í málinu að efnislegum skilyrðum reglugerðar um sameiginlegt lið voru uppfyllt.

Þá telur nefndin rétt að benda á að þessi lið hafa áður spilað við hvort annað í vetur, nánar tiltekið þann 13. október 2019 á heimavelli Keflavíkur, þar sem kærandi hafði 77 - 71 sigur á Íslandsmóti. Mátti kærandi því vera ljóst að KR og KV höfðu ákveðið fyrir þetta tímabil að vera með sameiginlegt lið í þessum aldursflokki. Er því ekki hægt að telja að kærandi hafi verið ómeðvitaður um framangreint, að undirbúningi fyrir bikarleikinn hafi verið ábótavant

vegna mistakanna eða hann á einhvern hátt haft óhagræði af framangreindum mistökum. Er það því niðurstaða í máli þessu að sýkna kærða af kröfum kæranda.

Að síðustu vill nefndin taka fram, vegna athugasemda forsvarmanns Keflavíkur um ærandi þögn í málinu, að í ákvæði 9. gr. reglugerðar um aga – og úrskurðarmál segir að „[ú]rskurði nefndarinnar skulu kveðnir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og málið tekið til úrskurðar. Leitast skal við að kveða upp úrskurð innan viku frá því að málið var tekið til úrskurðar.“ Í framangreindu felst að mál skulu tekin til úrskurðar svo fljótt sem verða má. Það er því matsatriði hverju sinni hversu vel og fljótt tekst til að úrskurða í kærumálum og er slíkt mat í höndum nefndarinnar. Þannig getur málafjöldi á borði aga- og úrskurðarnefndar haft áhrif, forgangsröðun milli kærumála og agamála, sem og flækjustig allra mála fyrir nefndinni hverju sinni. En einnig geta persónulegar annir nefndarmanna haft áhrif, en eins og öllum ætti að vera kunnugt um eru öll störf nefndarmanna gerð í sjálfboðavinnu og hafa verið þannig frá stofnun KKÍ. Nefndin vill taka sérstaklega fram að ekkert í málsmeðferð þessa máls vekur tilefni til þess að ætla, að mál þetta hafi ekki verið tekið til úrskurðar eins fljótt og verða mátti, með hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum. Þá er það tekið fram sem frekari *obiter dicta* að það fylgir því ábyrgð að senda kæru til aga- og úrskurðarnefndar og eiga félög ekki að gera slíkt nema ríkt tilefni sé til - að vandlega íhuguðu máli.

Björgvin Halldór Björnsson og María Káradóttir véku sæti vegna vanhæfis.

ÚRSKURÐARORÐ

Körfuknattsleikdeild KR er sýknuð af kröfum Körfuknattsleiksdeildar Keflavíkur.

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson
formaður

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir
varaformaður

Kristinn G. Kristinsson

Birkir Guðmundarson

Úrskurðurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Úrskurðinn skal birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar KKÍ um aga- og úrskurðamál.

Heimilt er að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls KKÍ samkvæmt ákvæði 1. mgr., sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.